

## Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 899 (7.3.2019) - Frá vinnuhópi um uppbygging á vallarsvæði UMFS á Dalvík; samningsdrög

**Málsnúmer** : 201709001

**Málsaðili** : Ungmennafélag Svarfdæla

**Niðurstaða (stutt)** : Vísað áfram

**Fundardagur** : 07.03.2019

**Inngangur** : Undir þessum lið komu á fund byggðaráðs Börkur Þór Ottósson, sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs, og Þorsteinn K. Björnsson, sviðsstjóri veitu- og hafnasviðs, kl. 8:15.

Ofangreindir skipa vinnuhóp um uppbyggingu á vallarsvæði UMFS á Dalvík ásamt sviðsstjóra fræðslu- og menningarsviðs, Birni Friðbjófsyni og Kristjáni Ólafssyni fyrir hönd UMFS.

Með fundarboði byggðaráðs fylgdu samningsdrög á milli Dalvíkurbyggðar og UMFS um uppbyggingu íþróttasvæðis. Börkur Þór og Þorsteinn gerðu grein fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið í vinnuhópnum.

Til umræðu ofangreint.

Börkur Þór og Þorsteinn viku af fundi kl. 08:57.

**Niðurstaða** : Byggðaráð leggur áherslu á að fyrir liggi frá UMFS endanleg kostnaðaráætlun með fjármögnun ásamt rekstraráætlun fyrir framkvæmdinni áður en gengið verður frá samningi um uppbyggingu á íþróttasvæðinu.